

LANDSFUNDUR KVENNALISTANS HELGUNA 27. - 29. OKTÓBER 1989

Niðurstöður umræðna fundarins um málefni EFTA og EB varð sú að aðild Íslands að EB kæmi ekki til greina. Sama gildir um aðild að evrópsku efnahagssvæði sem í raun er ekkert annað en skref í átt til fullrar aðildar. Sjálfsagt væri hins vegar að hafa góð samskipti við ríki EB eins og hingað til hefur verið gert.

Mikils er vert að samvinna landanna m.a. á sviði umhverfismála, rannsókna og þróunar og menntunar skuli halda áfram óháð þeirri samvinnu sem hugsanlega yrði á fjármálasviðinu. Allt of mikil áhersla hefur verið lögð á það í umræðunni hingað til hve mikil hugsanlegur fjárhagslegur ávinningur gæti orðið við afnám landamæra milli ríkja án þess að jafnfram væri bent á það tjón sem af því gæti hlotist. Hagvöxtur er ekki nothæfur mælikvarði á velferð þjóðarinnar eins og margir virðast telja.

Stjórnkerfi Evrópubandalagsins er þannig uppbyggt að þjóðþing einstakra ríkja hafa þar ekkert að segja hvað þá heldur fólkið í landinu. Í miðstýrðum og ólýðræðislegum stjórnkerfum er hlutur kvenna enn minni en annars staðar. Þátttaka í svo stórrí heild sem Ísland verður að dreifa annað en lítill hluta af, verður stórt skref afturábak í baráttu kvenna til aukinna áhrifa þar sem ráðum er ráðið.

Stórhætta er á því að Íslendingar munu missa yfirráð yfir fiskveiðilögsögunni ef fallist verður á reglur EB um óhefta fjármagnsflutninga.

Kvennalistakonur vara við því að efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði þjóðarinnar sé fórn að fyrir hugsanlegan skammtímagróða.

Byggt á fréttatilkynningu frá Kvennalistanum.